

Miðvikudaginn 15. júní 1988.

Nr. 341/1987. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Hannesi Þór Traustasyni

(Hilmar Ingimarsson hrl.)

Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héræðsdómi var skotið til Hæstaréttar 12. október 1987 að ósk ákærða, sem gerir þá kröfu, að refsing hans verði milduð.

Af hálfu ákærvalds er áfrýjað til þyngingar.

Við flutning máls þessa hér fyrir dómi kom fram, að 1. febrúar sl. var ákærði dæmdur til 12 mánaða fangelsis í sakadómi Reykjavíkur fyrir rán framin 31. mars 1987 og 2. apríl s.á. Beindust brotin gegn sama manni og það brot, sem nú er um fjallað.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Þór Traustason, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. september 1987.

Ár 1987, föstudaginn 25. september er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 516/1987: Ákærvaldið gegn Hannesi Þór Traustasyni, sem tekið var til dóms 23. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 3. september 1987, á hendur ákærða, „Hannesi Þór Traustasyni, Vesturbergi 147, Reykjavík, fæddum þar í borg 27. apríl 1967, fyrir rán, með því að hafa um kl. 13:00 miðvikudaginn 28. janúar 1987 í auðgunarskyni ráðist á Hannes Ágústsson, fæddan 17. september 1915, í verslun hans að Grettisgötu 31 í Reykjavík, fellt hann í gólfið og tekið kr. 75.000,00 úr buxnavasa hans, en ákærði var handtekinn skömmu síðar við heimili sitt með fêð í förum sínum.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, dagsettri 28. janúar 1987, var lögreglan kvödd að verslun að Grettisgötu 31 kl. 13:10 þann dag vegna ráns. Á vettvangi hitti lögreglan fyrir Hannes Ágústsson, fæddan 17. september 1915. Kvað hann tvo unga menn hafa komið inn í fornsölu hans þá skömmu áður og tekið hann tali. Hafi annar þeirra beðið um að fá að hringja, en hann verið tregur til og hafi þá maður þessi þvælt honum inn í bakherbergi, slegið hann í andlitið, tekið hann kverkataki og við það hafi hann fallið í gólfið og í fallinu dottið utan í spegil sem hafi brotnað. Meðan hann lá á gólfinu hafi maðurinn farið í buxnavasa hans og tekið nokkur búnt af 1.000,00 króna seðlum. Kvaðst Hannes ekki hafa veitt mótspyrnu, enda ekki haft kraft til sökum aldurs. Hann kvað hinn manninn ekki hafa haft sig í frammi og hafi sá staðið frammi í versluninni. Eftir að mennirnir höfðu náð peningunum, hröðuðu þeir sér á brott og hringdi Hannes þá í lögregluna. Samkvæmt skýrslunni var Hannes með blóðnasir og blóðugur í munni og einnig sást rauður þroti framan á hálsinum sitt hvoru megin við barkann. Hannes vildi hins vegar ekki leita til læknis vegna áverka þessara.

Ákærði var handtekinn kl. 14:30 sama dag við heimili sitt ásamt Birni Runólfssyni, Æsufelli 4, Reykjavík. Þeir voru báðir ölvaðir. Neitaði ákærði að hafa rænt Hannes Ágústsson en viðurkenndi að hafa komið á Grettisgötu 31. Björn kvað ákærða hins vegar hafa ráðist á Hannes og tekið af honum peninga, en hann (Björn) hafi verið frammi í búðinni á meðan.

Er ákærði var handtekinn var hann með á sér 75.450,00 krónur og þar af 74.000,00 krónur í 1.000,00 króna seðlum. Einnig hafði hann meðferðis hnif. Peningarnir voru afhentir Hannesi Ágústssyni við rannsókn málsins.

Ákærði var yfirheyrður næsta daga hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði viðurkenndi þá að hafa rænt umræddan Hannes Ágústsson og kvaðst ákærði hafa átt hugmyndina að þessu ráni. Kvað ákærði að þeir

Björn hafi gengið inn í fornsöluna og byrjað á því að skoða einhver hús-gögn, en báðir hafi þeir Björn verið ölvaðir. Síðan kveðst ákærði hafa reynt að fá Hannes inn á „kontór“ sem er „bakatil“ í versluninni, en Hannes verið illfáanlegur til þess. Kvaðst ákærði þá hafa óskað eftir að fá að hringja, en Hannes neitað honum um það. Ákærði kvaðst þá hafa gengið inn á „kontórinn“ og Hannes fylgt honum eftir. Er þangað var komið kvaðst ákærði hafa tekið um axlir Hannesar með það fyrir augum að fella hann í gólfíð. Þeir hafi hins vegar báðir fallið í gólfíð og í fallinu lent á spegli sem hafi brotnað, og við það hafi ákærði skorist lítillaga á hendi. Ákærði kvaðst hafa fallið ofan á Hannes og þá farið í vasa hans til að ná af honum seðlaveski sem ákærði taldi að hann væri með. Hann hafi hins vegar ekki verið með neitt seðlaveski, en peningar hafi verið í vasanum. Kvaðst ákærði hafa tekið peningana, sem hafi verið nokkur búnt, og þeir Björn hlaupið á brott. Ákærði kvaðst hafa verið með alla peningana á sér er hann var handtekinn.

Við meðferð málsins játaði ákærði skýlaust að hafa umrætt sinn ráðist í auðgunarskyni á nefndan Hannes Ágústsson í verslun hans að Grettisgötu 31, felld hann í gólfíð og tekið 75.000,00 krónur úr buxnavasa hans, og kvaðst ákærði hafa verið með féð í fórum sínum er hann var handtekinn af lögreglu. Ákærði kvað, að Björn Runólfsson hefði engan þátt átt í ráninu.

Björn Runólfsson, Æsufelli 4, hefur borið á sama veg og ákærði, en kveðst ekkert hafa séð af átökum ákærða og Hannesar, þar sem hann hafi forðað sér er hann sá að hverju stefndi.

Vitnið Hannes Ágústsson, Grettisgötu 31, skýrði svo frá við rannsókn málsins að tveir ölvaðir menn hafi komið í verslun hans á Grettisgötuna nokkru fyrir kl 13:00 umræddan dag og hafi þeir farið að skoða svefn-bekki, sem vitnið hafði til sölu. Ákærði hafi beðið um að fá að hringja en vitnið neitað honum um það. Þá hafi ákærði farið inn í litla skrifstofu sem vitnið er með inn af versluninni og fylgdi vitnið honum eftir þangað. Er þangað var komið hafi ákærði tekið um kverkar vitnisins með annarri hendinni en um leið gefið vitninu hnefahögg með hinni sem hafi hafnað á nefi vitnisins. Við þetta kvaðst vitnið hafa fallið og lent á spegli sem var á skrifstofunni, og við það hafi spegillinn brotnað. Hafi ákærði nú farið í rassvasa á buxum vitnisins og tekið allt sem í honum var og hlaupið svo á brott. Kvaðst vitnið hafa verið hálfvankað eftir árásina, en hringt strax í lögregluna sem hafi komið fljótt á vettvang.

Við meðferð málsins staðfesti vitnið ofangreindan framburð, en mundi þá ekki til þess að ákærði hefði tekið um kverkar vitnisins eða slegið það í andlitið. Tók vitnið fram að það hafi munað málsatvik betur er það var yfirheyrt hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið upplýsti að það hafi verið með gervifót á hægra fæti sl. 50 ár.

Vitnið Viðar Guðmundsson Waage lögreglumaður hefur komið fyrir dóm og staðfest framangreinda frumskýrslu um málið.

Þá hefur einnig komið fyrir dóminn vitnið Stefán Alfreðsson lögreglumaður. Mundi vitnið eftir að hafa farið greint sinn með ofangreindum lögreglumanni á Grettisgötu 31, en vitnið kvað tilkynningu hafa komið um rán frá fjarskiptum lögreglunnar. Hafi lögreglumennirnir hitt Hannes fyrir á vettvangi sem hafi sagt að hann hefði verið rændur. Var Hannes í miklu uppnámi og var hann að þurrka blóð af vörum sér. Einnig fannst vitninu Hannes vera þrútin á hálsi. Mundi vitnið eftir að Hannes fór með lögreglumennina inn í bakherbergi, þar sem hann sagði að stýmpingar hefðu átt sér stað. Mundi vitnið eftir brotnum spegli á gólfi herbergisins. Jafnframt staðfesti vitnið, að atburðum væri rétt lýst í frumskýrslu um málið.

Með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt heimfærð til refsíákvæðis.

Samkvæmt sakavottorði er sakaferill ákærða sem hér segir:

- 1983 Uppvís að broti g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 9/5 1983.
- 1984 16/10 Dómur: 30 daga fangelsi skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1985 4/8 Dómur: 60 daga fangelsi skb. 4 ár f. brot g. 1. mgr. 259. gr. hgl., 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 2 ár frá 26.8. 1985.
- 1985 4/8 Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1985 5/11 Dómur: 45 daga varðhald skb. 2 ár f. brot g. 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hgl. og 2. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi 3 mán. frá dómsbirt. 28.4. 1986.
- 1985 3/12 Áv. og fíkn. Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. 65/1974, sbr. l. 60/1980, sbr. 9. gr. l. 75/1982, sbr. l. 13/1985, og 2. sbr. 10. gr. rg. 390/1974.
- 1985 21/4 Áv. og fíkn. Sátt: 7.000,00 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65/1974, sbr. l. nr. 60/1980, og 9. gr. l. nr. 75/1982, sbr. l. nr. 13/1985, 77. gr. hgl., 2. og 10. gr. rg. 16/82.
- 1987 20/1 Dómur: 3 mán. fangelsi, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1987 11/5 Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. 244. gr. og 248. gr. hgl. Dómur 20.1. 1987 dæmdur með. Hegn.auki.
- 1987 31/8 Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 245. gr. hgl.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, er framið, áður en dómarnir frá 11. maí og 31. ágúst voru kveðnir upp, og ber því

að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingarinnar ber að hafa í huga, að vilji ákærða var styrkur og einbeittur, er hann framdi brotið, og að ákærði réðst á liðlega sjötugan fatlaðan mann, sem litla sem enga vörn getur sér veitt gegn slíkri árás. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, sem þykja hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja einnig hæfilega ákveðin 25.000,00 krónur.

Egill Stephensen fulltrúi ríkissaksóknara flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Þór Traustason, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 25.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000,00 krónur.